aptur, skyldi 160 kr. af þeim ganga til vatnsveitinga í Staðarbyggðarmýrum, en hinum 40 kr. skyldi bœta við styrkinn handa Guttormi Vigfússyni, svo hann yrði 200 kr. **105** 9. ágúst

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um lán handa sýslunefnd. Eptir málavöxtum þeim, er þjer hafið frá skýrt, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi yðar 28. júní þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega veitt umboð til að veita Borgarfjarðarsýslu lán úr viðlagasjóði landsins, er nemi 1000 kr., til þess að afstýra hallæri í Akraneshreppi á vetri þeim, er í hönd fer, og skal greiða 4 af hundraði í vöxtu af lánsfje þessu, og endurborga það á tveggja ára fresti. **106** 14. ágúst.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um endurborgun á innskriptargjaldi frá vesturförum. **107** 16. ágúst.

Þjer hafið, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef með fylgiskjali frá hreppsnefndinni í Þistilfirði um endurborgun á innskriptargjaldi Snorra bónda Jónssonar á Svalbarði og Stefáns bónda Kristjánssonar á Eyvindarstöðum í Kelduhverfi. Höfðu báðir þessir menn ætlað sjer til Vesturheims með fjölskyldu sína og sent L. Jensen gestgjafa innskriptargjaldið, en þegar til kom, hættu þeir við að fara, af því þá vantaði farareyri þann, sem með þurfti auk innskriptargjaldsins. Álítið þjer ísjárvert fyrir landsstjórnina, að hlutast til um þetta mál, þar sem það var nefndum bœndum sjálfum að kenna, að ekkert varð úr hinni fyrirhuguðu Vesturheimsferð, og með því jeg verð að vera yður samdóma um þetta, bið jeg yður að tjá hlutaðeigöndum, að jeg sjái mjer ekki fœrt að skipta mjer neitt af þessu máli.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* um fjárrekstra yfir takmörk kláðasvæðisins. — Þrátt fyrir óþrif þau, er komið hafa fram allvíða á kláðasvæðinu síðastliðinn vetur og vor, virðist hið almenna heilbrigðisástand fjárins í hinum kláðagrunuðu sveitum vera svo, að ástœða sje til að veita hinar sömu undanþágur sem veittar voru í fyrra haust, frá banni mínu 18. marz f. á. gegn fjárrekstrum og fjárflutningum yfir takmörk kláðasvæðisins, en þau eru að vestan og norðan Hvítá í Borgarfirði upp að Deildargili, Deildargil og Kaldidalur, en að austan Brúará, Hvítá og Ölvesá. **108** 29. ágúst.

Fyrir því skal hjer með leyft að reka fje eða flytja til skurðar yfir greind takmörk, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem til eru tekin í auglýsingu landshöfðingja frá 9. sept. f. á. um undanþágur undan fjárrekstrabanni (Stjórnartíð. 1876 B. 100). Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* endurgreiðslu sveitarstyrks. — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 4. nóvbr. f. á., er hreppsnefndin í Álptaneshreppi hefir áfrýjað, er hún skylduð til að endurgjalda bœjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar kostnaðinn við sjúkdómslegu Sesselju Tómasdóttur í sjúkrahúsinu í Reykjavík veturinn 1875—76, alls 153 kr. 38 a. **109** 11. sept.

Áminnstri Sesselju var eptir áskorun hjeraðslæknisins komið á sjúkrahúsið 20.

109 okt. 1875, og undirgekkst fátœkrastjórn bœjarins að greiða allan kostnað við legu sjúk-
11. sept. lingsins. Þessi ráðstöfun var síðan tilkynnt hreppsnefndinni í Álptaneshreppi, þar sem sjúklingurinn átti sveit, en samt eigi fyrr en 4. febr. 1876, og var jafnframt krafizt endurgjalds fyrir legukostnaðinn, enda gjörði hreppsnefndin þegar ráðstöfun til að flytja sjúklinginn heim til sín. Í úrskurði yðar takið þjer fram, að spurning geti verið um það, hvort hinn langi, og, að því er sjeð verður, ónauðsynlegi dráttur Reykjavíkur fátœkrastjórnar á því, að tilkynna Álptaneshreppi áminnsta ráðstöfun, eigi ekki að hafa þá afleiðingu, að Álptaneshreppur samkvæmt grundvallarreglunum í fátœkra-reglugjörðinni 8. jan. 1834, 9. gr., sbr. landshöfðingjabrjef 17. nóv. 1874 — Stjórnartíð. 1874 B 31 — sleppi við að endurgjalda þann hluta kostnaðarins, sem á fjell þangað til endurgjaldsins var krafizt, en þó hefir yður eigi þótt alveg nœgileg ástœða til að synja endurgjalds þess, er fátœkrastjórn kaupstaðarins hefir farið fram á, þar sem dvöl sjúklingsins á spítalanum að minnsta kosti nokkuð af tímanum virðist hafa verið alveg nauðsynleg.

Jeg verð nú að vera yður samdóma um það, herra amtmaður, að fátœkrastjórn Reykjavíkur hafi eigi haft ástœðu til að draga áminnsta tilkynningu, og það því síður, sem Álptaneshreppur má heita næsta sveit við Reykjavík. En úr því að þessi dráttur á tilkynningunni verður eigi rjettlættur, leiðir það af grundvallarreglum fátœkralaganna, sem ætlast til, að sveitarstjórnin þar, sem fátœklingurinn er sveitlægur, ráði því, hver framfœrsla honum skuli veitt, og heimila sveitarstjórninni þar, sem fátœklingurinn dvelur, að eins að veita honum bráðabirgðahjálp, að Reykjavíkur fátœkrastjórn getur eigi átt heimting á, að Álptaneshreppur endurgjaldi allan sjúkrahúslegukostnaðinn; en hins vegar virðist ósanngjarnt, að láta allan kostnað þann, er á fjell þangað til endurgjalds var krafizt 4. febr. f. á., lenda á Reykjavíkurkaupstað, eins og Álptaneshreppur hefir farið fram á, þar sem gjöra má ráð fyrir, að hreppsnefndin hefði orðið að láta Sesselju vera kyrra á sjúkrahúsinu eigi allstuttan tíma, þótt fátœkrastjórn kaupstaðarins hefði tilkynnt hreppsnefndinni ráðstöfun sína þegar í stað.

Samkvæmt þessu getur Álptaneshreppur eigi komizt hjá að greiða tiltölulegan hluta af áminnstum kostnaði, og virðist sanngjarnt, að það sjeu 80 kr. Ber því Álptaneshreppi að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað þessar áttatíu krónur, en að öðru leyti er úrskurður amtsins frá 4. nóv. 1876 felldur úr gildi.

Þetta er yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

110 — *Brief* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* framfœrslu sveitarómaga. — Í skjali, sem eg meðtók með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 18. f. m., hefir hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu áfrýjað úrskurði yðar frá 15. janúar þ. á. um sveitfesti Sæbjarnar nokkurs Þorsteinssonar.

Skjöl málsins bera með sjer, að Sæbjörn þessi er fæddur 24. marz 1840 í Norðfjarðarhreppi. Hann fluttist 8 ára gamall með foreldrum sínum í Reyðarfjarðarhrepp og álítið þjer í úrskurði yðar, að hann hafi áunnið sjer þar framfœrslurjett, með 10 ára dvöl í hreppnum eptir að hann var orðinn 16 ára gamall. Reyðarfjarðarhreppur hefir aptur á móti farið því fram, að Sæbjörn sje sveitlægur í fœðingarhrepp sínum, með því að hann hafi eigi dvalið þessi 10 ár samfleytt í Reyðarfjarðarhreppi. Hefir Sæbjörn skýrt svo frá, að því er þetta atriði snertir, að þegar hann var rúmlega tvítugur, hafi hann farið einn vetur á Þorranum frá föður sínum, sem hann var þá hjá, að Kelduhólum á Völlum, til þess að nema gullsmíði hjá frænda sínum einum, er þar bjó. Kveðst hann hafa haft